

**UMBODSMAÐUR ALÞINGIS**

Þórshamri, Templarasundi 5, 150 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 6. ágúst 2014.

Fr. Hanna Birna Kristjánsdóttir  
innanríkisráðherra  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík.

Í framhaldi af svari yðar, fr. innanríkisráðherra, dags. 1. ágúst sl., við bréfi umboðsmanns Alþingis frá 30. júlí sl. óskar umboðsmaður eftir upplýsingum og gögnum um eftirfarandi atriði:

1. Í svarinu kemur fram að ráðherra hafi átt fjóra fundi með lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu frá því rannsókn sú sem vísað er til í bréfinu hófst í febrúar sl. Ítrekuð er ósk umboðsmanns að upplýst verði hvenær þessir fundir fóru fram.
2. Í svarbréfinu kemur fram að enginn þessara funda hafi verið boðaður til að ræða áður nefnda rannsókn sérstaklega. Óskað er eftir upplýsingum um hvaða málefni/viðfangsefni voru til umfjöllunar á þessum fundum og hver boðaði lögreglustjóra til fundanna af hálfu ráðuneytisins/ráðherra. Ítrekuð er ósk um að umboðsmanni verði afhent þau gögn sem til eru um þessa fundi, gögn sem lögð voru fram eða stuðst við á þessum fundum, þ.m.t. um fundarefni, boðun þeirra og skráningu frá fundunum. Minnt skal á að samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er stjórnvöldum skylt að afhenda umboðsmanni umbeðin gögn og um meðferð þeirra og þagnarskyldu fer eftir 8. gr. sömu laga.
3. Með tilliti til þess sem fram kemur í svarbréfinu er óskað eftir að umboðsmanni verði afhent afrit af þeim gagna- og rannsóknarbeiðnum lögreglu sem beint var til innanríkisráðuneytisins eftir að áður nefnd rannsókn hófst í febrúar sl. Jafnframt er óskað eftir að upplýst verði hvenær einstökum beiðnum var svarað af hálfu ráðuneytisins og umbeðin gögn látin í té. Tekið er fram að ekki er óskað eftir afriti af þeim gögnum sem ráðuneytið kann að hafa afhent lögreglunni.

4. Reglur um skráningu formlegra samskipta í Stjórnarráði Íslands voru settar af forsætisráðherra hinn 20. desember 2013 á grundvelli 2. mgr. 11. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands. Reglur þessar eru nr. 1200/2013 og voru birtar í B-deild Stjórnartíðinda sem kom út 30. desember 2013 og öðluðust þegar gildi. Í reglunum er kveðið á um að skrá skuli í mála-skrá ráðuneytis formleg samskipti og formlega fundi milli ráðuneyta og við aðila utan stjórnarráðsins. Í 3. og 4. tölul. 1. gr. er fjallað um samtöl og fundi. Í ljósi þess sem fram kemur í svari yðar, fr. innanríkisráðherra, um það hvað hafi borið á góma í samskiptum yðar við lögreglustjóran og um upplýsingaöflun lögreglunnar frá ráðuneytinu óskar umboðsmaður eftir að hann verði upplýstur um hvað af þessum samskiptum, þ.e. fundir og símtöl, hafi verið skráð í samræmi við reglur nr. 1200/2013 og ef það var ekki gert hverjar hafi verið ástæður þess.
5. Til þess að glöggva sig almennt á framkvæmd reglna nr. 1200/2013 að því er varðar skráningu símtala og funda hjá ráðuneytinu óskar umboðsmaður eftir að fá afhent afrit af heildarskrá innanríkisráðuneytisins um þessi atriði á tíma-bilinu 1. janúar til 1. júlí 2014. Ef ráðuneytið telur það erfiðleikum bundið að afhenda afrit þessara gagna í ljósi þess að umfang þeirra er það verulegt eða það verði ekki gert innan þess tíma sem óskað er eftir svari við bréfi þessu er óskað eftir að það komi fram og umboðsmaður mun þá kynna sér um-ræddar skrár í ráðuneytinu.

Af hálfu umboðsmanns Alþingis er tekið fram að beiðni um ofan-greindar upplýsingar og gögn er sett fram á grundvelli 7.-gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, í því skyni að afla frekari upplýsinga um málið áður en tekin verður ákvörðun um hvort tilefni er til þess að taka það mál sem bréf umboðsmanns frá 30. júlí sl. fjallaði um til formlegrar athugunar á grundvelli 5. gr. áður nefndra laga.

Þess er óskað að svar við þessu bréfi og umbeðin gögn verði send umboðsmanni eigi síðar en 15. ágúst nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Hafsteinn Dan Kristjánsson*  
Hafsteinn Dan Kristjánsson.